

Samtalsspjöldin



Notkunar- og kennsluleiðbeiningar

Efnisyfirlit

| | |
|--------------------------------------|----------|
| Almenn lýsing..... | 1 |
| Notkunarhugmyndir..... | 2 |
| Skýringar á táknum og merkingum..... | 2 |
| Fyrsta samtalið..... | 2 |
| Aukaverkefni á <i>Quizlet</i> | 4 |
| Matur | 4 |
| Aukaverkefni á <i>Quizlet</i> | 6 |
| Skólinn/Vinnan..... | 7 |
| Aukaverkefni á <i>Quizlet</i> | 9 |

Almenn lýsing

Það eru 28 spjöld í hverri öskju. Hver askja snýst um eitt meginþema. Viðfangsefni og uppsetning spjaldanna miðast við þá sem eru að minnsta kosti komnir með lágmarksorðaforða og skilning eða eru einhvers staðar á stigi A1 (miðað við evrópska tungumálarammann). Hins vegar geta þau líka nýst þeim mjög vel sem eru komnir lengra í annarsmálsnámi í íslensku.

| | |
|---|--|
|  | <h3>Fyrsta samtalið</h3> <p>Hentar þeim sem eru komnir með nægilegan orðaforða og skilning til að geta svarað einföldum:</p> <ul style="list-style-type: none">• spurningum um nafn, uppruna, tungumál og búsetu.• já og nei spurningum• spurningum um daglegar athafnir <p>Æskilegur undanfari: Kynning á grundvallarorðaröð í íslensku og þjálfun í framburði íslenska stafrófsins. Nútíð algengra sagnorða.</p> |
|  | <h3>Matur</h3> <p>Hentar þeim sem eru tilbúnir til að taka þátt í samræðum um einfaldari atriði eins og mat og máltíðir og geta þess vegna svarað:</p> <ul style="list-style-type: none">• já og nei spurningum og bætt tíðniatviksorðum inn í svörin.• spurningum sem innihalda orðaforða um mat.• algengum spurningum á veitingahúsum og/eða í matarboðum. <p>Æskilegur undanfari: Einhver þjálfun í notkun tíðniatviksorða og ópersónulegu sögnunum að <i>vanta</i> og <i>langa</i>. Kynning á þolfallinu.</p> |
|  | <h3>Skólinn/Vinnan</h3> <p>Hentar þeim sem eru komnir með sæmilegan byrjendaorðaforða þannig að þeir geta svarað spurningum um daglegt líf eins og um:</p> <ul style="list-style-type: none">• heiti skóla og/eða vinnustaðar.• meginverkefni í skólanum og/eða vinnunni.• tíma (klukka, vikudagur og fæðingarmánuður). <p>Æskilegur undanfari: Kynning á þágufallinu, hlutverki persónufornafna sem staðgengla nafnorða og þjálfun í þágufalli þeirra.</p> |

Litadoppurnar framan á spjöldunum gefa þyngdarstig spurninganna til kynna (sjá leiðbeininga-bæklinginn sem er inni í hverri öskju). Í kennslu má miða við að þegar nemandi getur svarað öllum spurningunum í hverri öskju vandræðalaust þá er hann tilbúinn fyrir þá næstu og svo koll af kolli.

Notkunarhugmyndir

- **samtal:** Þátttakendur (2-3) skipta samtalsspjöldunum jafnt á milli sín og **skiptast á að spyrja og svara**. Þegar allir eru búnir með sinn bunka skiptast þátttakendur á bunkum og halda áfram þangað til báðir/allir hafa bæði spurt og svarað öllum spurningunum.
- **yfirheyrsla:** Annar spyr og hinn svarar. Að sjálfsögðu er svo hægt að skipta um hlutverk þannig að báðir hafi spurt og svarað þegar upp er staðið.

Hugmyndir fyrir stærri hópa:

- **flöskustútur:** Deila spurningum á alla, snúa síðan flösku og sá sem flöskustúturinn miðar á svarar einni spurningu
- **sá sem er með boltann svarar:** Deila spurningu spurningum á alla; þátttakendur henda bolta á þann sem þeir vilja að svari næst
- **koll af kolli:** Deila spurningum á alla, einn byrjar að spyrja þann, sem er honum á hægri hönd, spurningar sem hann er með. Sá svarar spurningunni, sem hann fékk, og spyr svo næsta einnar af sínum spurningum
- **draga og svara:** Spjöldin eru sett saman í einn stökk (eða dreift eins og í Veiðimanni). Sá sem byrjar dregur eitt spjald og svarar spurningunni og svo koll af kolli. Það má bæta við þennan leik og láta þátttakendur safna spjöldunum sem þeir svara og telja svo stigin í samræmi við litadoppurnar í lokin (sjá armana við litadoppurnar í leiðbeiningabæklingunum í öskjunum) .

Skýringar á táknum og merkingum

Hér eru viðbótarskýringar á ýmsum táknum og merkingum sem koma fyrir aftan á spjöldunum.

Fyrsta samtalið

Efnið í fyrstu öskjunni snýst aðallega um:

- **algengar spurningar við fyrstu kynni.**
- **já- og nei-spurningar.**



Það er gott fyrir byrjendur að fást við einfaldar spurningar þannig að þeir geti einbeitt sér betur að mikilvægum þáttum eins og framburði og **grundvallarorðaröð** í setningum.

► Aftan á spjöldunum, með já og nei spurningunum, er orðið **ekki** feitletrað. Þetta er gert til að vekja athygli á að atviksorðið kemur venjulega strax á eftir sögninni. Í sumum tilvikum er hægt að velja á milli þess að nota **ekki** eða **aldrei**. Þetta er sýnt með skástriki: „**ekki/aldrei**“ aftan á spjöldunum.

► Í tveimur tilvikum standa **fornöfn í bláum lit**. Það er til að vekja athygli á því að það er hægt að nota þau í stað þess að endurtaka nafnorðið sem fornafnið stendur fyrir. Þegar fornöfnin standa í aukafalli eða líta ekki eins út í nefnifalli og þolfalli eru þau undirstrikuð.

► Þrjú spjöld í fyrstu öskjunni eru með táknið, hér til hægri, aftan á. **Táknið gefur það til kynna að eitthvað er öðru vísi**, erfiðara og/eða það þurfi að fletta upp á orðinu eða atriðinu sem um ræðir. Það má líka spyrja kennarann eða vin sem talar íslensku.



1. Nafnorðið **bíll** hefur endinguna –l eingöngu í nefnifalli, eintölu. Þetta er óvenjulegur og lítill beygingarflokkur. Þess vegna þarf að læra þetta orð sérstaklega. Það má þó minna á að stóll beygist alveg eins.
2. Einfaldasta leiðin til að svara spurningunni: „**Hvað segir þú (gott)?**“ er að nota lýsingarorð [lo]. Inni á Quizlet er góður orðaforði og æfing til að svara þessari og fleiri áþekktum spurningin. Æfingin heitir: [Lýsingarorð eða atviksorð?](#)
3. **Til að stafa nafnið sitt þarf fyrst að læra stafrófið**. Það er hægt að finna stafrófið til dæmis í bókinni *Íslensku fyrir alla 1* ([kafli 2](#)). Til að æfa framburðinn á stafrófinu er gott að [hlusta á hljóðskrá númer 119](#).

► Þó svörin séu aftan á spjöldunum og þar með rétt beyging sagnanna, sem koma fyrir í fyrsta samtalinu, getur verið gott að vita eitthvað um **beygingarendingar sagna í nútíð eintölu**. Samtölin eru í 1. og 2. persónu og þess vegna eru aðeins þær persónuendingar hafðar með á myndinni hér að neðan yfir beygingarflokka sagna.

| | reglulegar sagnir (v.so.) | | óreglulegar sagnir (st.so.) | | | |
|----|---------------------------|------------|-----------------------------|------------|-----------|-----------|
| | a-sagnir | i-sagnir | 0-sagnir | | | |
| ég | -a | -i | - | | | |
| þú | -ar | -ir | -ur | -rð | -ð | -t |

Það er eðlilegt að gera ráð fyrir að nemendur séu fljótari að tileinka sér endingar veiku sagnanna þar sem þær eru reglulegri og ef til vill rökréttari. Þess vegna eru þær yfirstrikaðar með gulu. Endingar sterku sagnanna eru hins svolítið óútreiknanlegri í eintölu nútíðarinnar að 1. persónunni undanskilinni. Endingar allra sagnaflokkanna eru hafðar rauðar í 1. persónunni vegna þess að áherslan ætti að liggja á þeim þegar um byrjendur er að ræða.

Aukaverkefni á Quizlet

Hér eru eingöngu talin þau verkefni sem tengjast *Fyrsta samtalinu* best. Eitt var talið á áður.

| | |
|--|--|
| Hvar áttu heima? | Hvað ætlar þú að gera á morgun? |
| Spurt og svarað | Hvað varstu að gera í gær? |
| Hvað ertu að gera núna? | Hvert ætlar þú að fara á morgun? |
| Minn og þinn og nafnorð með greini | Hvert fórstu í gær? |
| a-sagnir í nútíð eintölu (regla 1) I | Hvernig er spurningin? |

Matur

Efnið í annarri öskjunni snýst aðallega um:

- byrjendaorðaförða um mat
- að æfa þolfallið í fimm algengustu beygingarflokkum nafnorða
- nokkur tíðaratviksorð (*alltaf, oft, stundum, sjaldan* og *aldrei*)
- að æfa nútíð nokkurra algengra sagna eins og: *borða, nota, panta, ætla, kaupa, drekka, hafa, fá, eiga, mega* og *vilja*)
- ópersónulegu sagnirnar að *finnast* og *langa* koma líka fyrir
- lýsingarorðin *góður* og *vondur* koma fyrir



► Kynin sem lýsingarorðin *góður* og *vondur* lýsa kemur fram í mismunandi endingum þeirra. Það er þægilegast að byrja á lýsingarorðunum sem hafa sömu kynbeygingarendingar og þessi lýsingarorð (sjá töflu 1) vegna þess að þessar endingar eru algengastar.

Tafla 1 Algengustu kynbeygingarendingar lýsingarorða í nefnifalli eintölunnar

| karlkyn | kvenkyn | hvorugkyn |
|------------|---------|-----------|
| -ur | – | -t |

► Óákveðnu fornöfnin **ekkert** og ekki **neitt** koma fyrir. Þau eru undirstrikuð til að benda á að þau fallbeygjast. Óákveðnu fornöfnin breytast eftir kyni (sjá töflu 2) eins og lýsingarorðin. Það má líka vekja athygli á því að **enginn** [eín-gjin] og **engin** [eín-gjin] eru alveg eins í framburði (reyndar líka lýsingarorðin sem enda á -inn í karlkyni).

Tafla 2 Beygingarendingar enginn og neinn

| karlkyn | kvenkyn | hvorugkyn |
|----------------|---------|--|
| eng inn | engin | ekkert  |
| ne inn | nein | neitt |

► Öll nafnorðin í öskjunni tilheyra **fimm algengustu beygingarflokkunum** nema í tveimur tilvikum (*mjólk*; *ís*). Sagnir og forsetningar ákveða föllin en það er tæplega ástæða til að fara of ýtarlega í svo flókna málfræði í fyrstu skrefunum. Það er hins vegar mikilvægt að minna á að **þolfallið er langalgengasta fallið í íslensku** og að nefnifallið er notað í setningum eins og:

- Þetta er __ [nf]. **Dæmi:** Þetta er hamborgari.
- Mér finnst __ [nf]. **Dæmi:** Mér finnst hamborgari góður.

Tafla 3 Beygingarendingar algengustu beygingarflokka nafnorða í þolfalli, eintölu. Þolfallsendingarnar eru hafðar rauðar.

| | karlkyn | kvenkyn | hvorugkyn |
|----|------------|-----------|-----------|
| nf | -i | -a | |
| þf | -a | -u | |
| nf | -ur | | – |
| þf | - | | – |
| nf | | | -i |
| þf | | | -i |

Það er líka mikilvægt að leggja áherslu á **hljóðbreytinguna sem verður í þeim a-kvenkyns-orðum sem hafa a í stofninum**. **Dæmi:** Þetta er *kaka* > Ég borða *köku*. Það má líka benda á að öll 0-nafnorðin eins og *brauð* (hk), *mjólk* (kvk) og *ís* (kk) eru eins í nefnifalli og þolfalli óháð kyni.

► **Tíðaratviksorðin** sem koma fyrir eru er skýrð í leiðbeiningabæklingnum nema *oftast*. Þegar atviksorðin standa innan sviga eru þau ekki nauðsynleg. Sviginn merkir alltaf að það má sleppa því sem stendur innan hans. Stundum eru þrípunktir innan svigans en þrípunktarnir standa alltaf fyrir það að það þarf að nota framhlið spjaldsins til að ljúka svarinu.

► Það má undirstrika að sögnin að *ætla er hjálparsögn í framtíðarsetningum* en ekki sögnin munu. Sagnirnar að *langa* og að *finnast* koma líka fyrir og er ástæða til að vekja athygli á að þær beygjast ekki eftir persónum. Hins vegar eru persónufornöfnin í þolfalli með sögninni að *langa* (**Dæmi:** *Mig langar*) en þágufalli með sögninni að *finnast* (**Dæmi:** *Mér finnast*).

Það getur verið gott að útskýra þetta í sambandi við sagnirnar að *finnast*, *langa*, *vanta* og *vilja*:

- að *finnast* er tengt tilfinningu eða mati. Á ensku er hún oftast þýdd: I like
- að *langa* er tengt löngun. Á ensku er hún oftast þýdd: I want
- að *vilja* er tengt vali eða vilja. Á ensku er hún oftast þýdd: I want
- að *vanta* er tengt einhverju sem má ekki missa sín. Á ensku er hún oftast þýdd: I need

Aukaverkefni á Quizlet

Æfingarnar eru allar ætlaðar nemendum á 1. stigi. Viðfangsefnið er: orðaforði um mat; eintala og fleirtala fimm algengustu beygingarflokka nafnorða og þolfall nafnorða í eintölu.

| | |
|---|--|
| Safnaðu 30 nafnorðum um mat | Nafnorð sem hafa enga fleirtölu |
| Safnaðu 30 orðum um ávexti og grænmeti | Bara til í fleirtölu |
| Nafnorð sem eru eins í nefnifalli og þolfalli | Í sjoppunni og á skyndibitastaðnum |
| Matarorð sem eru i-kk og a-kvk | Hvað ætlarðu að hafa í matinn? |
| Safnaðu 20 matarorðum í fleirtölu | Langar þig í mat? Fleirtala |
| Fiskur, kjöt og drykkur | Hvað færðu þér í morgunmat? |

Skólinn/Vinnan

Efnið í þriðju öskjunni gerir meiri kröfur til svarenda því þar er meira af opnum spurningum. Auk þess bjóða fleiri spurningar, en í hinum tveimur, upp á fjölbreyttari svör en mögulegt var að koma fyrir í svardæmunum aftan á spjöldunum. Eins og heiti öskjunnar vísar til snúast margar spurninganna um það sem viðkemur skólanum og/eða vinnunni. Hér er ýtarlegra yfirlit yfir megináherslur:

- orðaforði um **daglegar athafnir**
- algengur orðaforði tengdur skóla og/eða vinnu
- **grunnorðaforði varðandi tíma** (vikudagar, mánuðir og klukka)
- áframhaldandi áhersla á **nútið algengra sagna**
- **framtíð og þátíð með hjálparsögnunum** að *ætla* og að *vera*
- haldið áfram með **ópersónulegu sagnirnar** (*finnast, langar og vantar*)
- **beyging persónufornafnanna** í 1. og 2. persónu



► Þar sem svörin eru gjarnan lengri en áður er algengara að dæmin aftan á spjöldunum endi á þrípunkt. **Þrípunktar merkja að það sem vantar er orð eða orðasamband sem er að finna framan á viðkomandi spjaldi.**

Það er líka algengara að svarendur þurfi að svara beinum spurningum þar sem þeir verða að fylla upp í svörin með eigin orðaforða eins og varðandi það hvað þeir ætla að gera eða voru að gera.

► Málfræðiatríðið sem er kynnt til sögunnar í leiðbeiningabæklingnum er **beyging persónufornafnanna** enda gott að læra hana snemma. Eins og áður eru persónufornöfnin blálítuð, þar sem má nota þau í stað nafnorða, en þau eru feitletruð þar sem þau eru í aukaföllum.

► Fimm spurningar í þriðju öskjunni snúa að tíma; eða vikudögum, mánuðum og klukkunni. Í *Íslensku fyrir alla 1* er farið í vikudagana og mánuðina í [kafla 5](#) og klukkuna í [kafla 6](#).

- Undir [hljóðskrá 139 er framburður á mánaðarheitunum](#).
- Undir [hljóðskrá 141 er framburður á heitum vikudaganna](#).

► Táknið hér til hægri, sem stendur fyrir: **flettu því upp eða spyrðu einhvern sem talar íslensku**, kemur fyrir aftan á þremur spjöldum:



1. Þar sem spurt er um það hvað klukkan er, er kafli 6 í *Íslensku fyrir alla 1* góður grunnur. Eins má finna nokkrar æfingar inni á Quizlet sem tengjast klukkunni (krækjur í þær hérna aftast).
2. **Spurningin um vinnustaðinn er erfið** þar sem það er talað um að vinna í skóla, búð og verksmiðju en á veitingastað, hóteli og verkstæði. Þegar nafn fyrirtækisins er notað flækist málið enn frekar þar sem almennt er talað um að vinna hjá fyrirtæki og stundum við stofnun eða rannsókn en áfram á hóteli, veitingastað, spítala og verkstæði. **Í þessu tilviki er mikilvægt að nemendur fái leiðsögn frá kennara eða einhverjum sem talar íslensku.**
3. **A)** Síðasta spurningardæmið er flóknast en þar er spurt: „*Hvað gerir þú í skólanum/vinnunni?*“ Aftan á spjaldinu er gert ráð fyrir þremur svarmöguleikum. Fyrsti möguleikinn er: a) „Ég læri __ [þf] í skólanum [þgf]“. Hér er gert ráð fyrir að heitið á faginu komi í þolfalli en auðvitað er líka hægt að segja: Ég læri margt eða jafnvel ekkert.
3. **B)** Næstu tveir möguleikar miðast við svör þeirra sem eru í vinnu. Þar er bæði hægt að svara með því að nefna starfstílinn eða nota sögn og andlag [í þf eða þgf] til að lýsa því sem viðkomandi gerir. **Dæmi 1:** b) *Ég er kennari [starfstíll í nf].* c) *Ég kenni íslensku [þf].* **Dæmi 2:** b) *Ég er sjúkraliði [starfstíll í nf].* c) *Ég hjálpa sjúklingum [þgf].*

► **Nafnorðin skóli og vinna** eru algengari með greini en án hans. Þau standa ýmist í þolfalli eða þágufalli í spurningunum og svörunum (komast þó ekki alltaf fyrir í svardæmunum). Þess vegna getur verið gagnlegt að fara vandlega yfir það hvernig þessi orð beygjast í öllum föllum og ekki síður hvar orðið endar og greinirinn tekur við.

Tafla 4 Beygingarendingarnar eru yfirstrikaðar með gulu en greinirinn er rauður

| Eintala | karlkyn | kvenkyn |
|---------|---------------------------------------|--|
| nf | skól inn | vinn an |
| þf | skól ann | vinn una |
| þgf | skól anum | vinn unni |
| ef | skól ans | vinn unnar |
| þf | Ég mæti í skól ann klukkan __. | Ég fer í vinn una með strætó. |
| þgf | Ég læri íslensku í skól anum . | Ég er í vinn unni til klukkan __. |

Aukaverkefni á Quizlet

Verkefni eru aðallega ætluð 1. stigi en þrjú þau síðustu eru fyrir 2. stig. Áfram er lögð áhersla á orðaforða. Viðfangsefni eru þó almennt þyngri en í aukaverkefnunum með fyrstu tveimur öskjunum.

| | |
|------------------------------------|--|
| Skólastofa | Sagnirnar að vilja, langa og vanta |
| Skólataska | Tímaorð I |
| Sögnin að vinna | Hvernig er skóladagurinn þinn? |
| Hvað er klukkan I | Starfstitlar |
| Hvað er klukkan II | Starfsheiti og skyldar sagnir |